



Morgunkorn FLE

Umsjón: Endurskoðunarnefnd FLE

Óhæði & félög sem varða almannahagsmuni

Ætlað:	Félagsmönnum FLE
Leiðbeinandi:	Jón Rafn Ragnarsson, löggiltur endurskoðandi
Staður:	Grand Hótel Reykjavík – Hvammur
Tími:	Fimmtudaginn 18. febrúar 2010. Hefst með morgunkaffi kl. 8:00 og lýkur kl. 10:00
Einingar:	2 einingar í endurskoðun
Verð:	10.000
Skráning:	Skráning á vefsíðu FLE til kl. 15:00 - 17. febrúar 2010

Námskeiðslýsing - fyrri hluti:

Fjallað verður um óhæðisreglur IFAC sem tengjast endurskoðun, könnun og aðstoð við frágang ársreikninga og þá sérstaklega óhæðiskröfur sem gerðar eru til endurskoðenda sem vinna fyrir einingar tengdar almannahagsmunum. Farið verður yfir skilgreiningar á fyrrnefndum hugtökum og ýmis túlkunaratriði og vafamál sem að þeim snúa. Fléttað verður inn í umfjöllunina tilvísanir í síðareglur FLE þar er sem fjallað er um óhæði. Leitast verður við að hafa umfjöllunina á hagnýtum nótum.

Námskeiðslýsing - seinni hluti: Verklegt

Unnið verður í hópum og lagðar fyrir spurningar og verkefni er varða umfjöllunarefnið. Þar er ætlast til virkni þátttakenda og að þeir miðli af þekkingu sinni og reynslu. Í lokin verður svo farið stuttlega yfir niðurstöður hópanna.

Markmiðslýsing: Að loknu námskeiðinu ættu endurskoðendur að

- Að geta skilgreint og túlkað hugtökin óhæði og einingar sem tengjast almannahagsmunum
- Vera meðvitaðir um þá staðla og reglur sem snúa að viðfangsefninu og koma að gagni
- Þekkja hagnýtar leiðir til úrvinnslu viðfangsefna af þessu tagi

Um leiðbeinandann

Jón Rafn Ragnarsson, löggiltur endurskoðandi og eigandi hjá Deloitte hf. í Kópavogi. Starfar jafnframt sem stundakennari við meistaranám Háskólans í Reykjavík í endurskoðun. Menntun: Cand.oecon í viðskiptafræði frá HÍ árið 2003.